

Vatnsskattur samkvæmt 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta og mesta gjald á rúmmetra í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhúsnæði: minnst 70.12 kr/m³ en mest 91.17 kr/m³
 Vörugeymslur: minnst 52.77 kr/m³ en mest 105.54 kr/m³
 Aðrar byggingar: minnst 70.12 kr/m³ en mest 105.54 kr/m³

Vatnsskattur samkvæmt framanskráðum reglum skal aldrei vera lægri en kr. 9 527 af skattskyldri fasteign.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er samkvæmt 2. gr. skal vera kr. 54.04 á hvern rúmmetra vatns.“

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 58 12. janúar 1979.

Félagsmálaráðuneytið, 9. janúar 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um niðurfellingu banns við togveiðum á Vopnafjarðargrunni.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 482 4. desember 1979, um bann við togveiðum á Vopnafjarðargrunni.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. janúar 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir embættisverk fulltrúa í utanríkisþjónustunni.

1. gr.

Fyrir útgáfu vegabréfa og staðfestingaráritanir í sendiráðum eða ræðisskrifstofum Íslands skal greiða eftirfarandi gjöld: